

## Fundargerð hreppsnefndar 02. mars 2017

Fundur nr. 56 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 2. mars 2017 í Miklagröi kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Sigríður Bragadóttir og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð nefndarmenn velkomna til fundar. Ennfremur voru fulltrúar úr menningarmálanefnd og ferða- og menningarmálafulltrúi boðin velkomin undir 1. dagskrárlið. Síðan var gengið til dagskrár.

### Dagskrá:

#### 1. Almenn mál:

1. Fundur með menningarmálanefnd og ferða- og menningarfulltrúa um málefni menningarmálanefndar

Oddviti bauð gestum að gera grein fyrir máli sínu. Hafði fulltrúi orð fyrir hópnum og lagði fram spurningar í tengslum við skipurit og starflýsingu. Fram fór mikil umræða um málefnið sem er víðtækt og samþykkt að fulltrúar í sveitarstjórn vinni áfram ásamt sveitarstjóra að því. Menningarmálaefnd endurskoði síðan samþykkt fyrir nefndina og leggi fyrir sveitarstjórn.

2. Drög að ramma- og samstarfssamningi milli Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps um Finnafjarðarverkefnið. Lögð fram eftirfarandi bókun:

Samstarfssamningur Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps vegna Finnafjarðarverkefnis

Frá því að undirbúningur að svokölluðu Finnafjarðarverkefni hófst fyrir næstum 10 árum eða svo hefur alltaf verið ráð fyrir því gert að sveitarfélögin tvö, Langesbyggð og Vopnafjarðarhreppur, vinni náið saman að uppbyggingu og framkvæmd þess, þar sem verkefnið geti haft afar jákvæð og góð áhrif á heildstæða þróun byggðar og atvinnulífs á Norð-Austursvæði landsins. Þrátt fyrir þessa fyrirætlun um samstarf aðila hefur aldrei verið gengið frá því með formlegum hætti hvernig því skuli háttað, hvernig ákvörðunartaka skuli fara fram og hvernig farið skuli með skiptingu á mögulegum tekjum og kostnaði sem fellur til vegna verkefnisins.

Sveitarfélögin hafa í sameiningu unnið drög að rammamningi um það hvernig samstarfi aðila verði háttað, sem liggur nú fyrir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps til afgreiðslu.

Aðilar voru sammála um það í vinnslu samningsdraganna að samstarfið skuli grundvallað á rammamningi, sem er þannig uppbyggður að hann geti tekið breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram út samningstímann. Í samningsdrögum er lögð rík áhersla á það að sveitarfélögin starfi náið saman og komi fram sameiginlega gagnvart þriðja aðila til að tryggja sem best sameiginlega hagsmuni svæðisins.

Samningurinn er því fyrst og fremst hugsaður sem rammi utan um samstarfið, sem síðar verði fyllt inn í með viðaukum og/eða bókunum eftir því sem þurfa þykir og verkefninu vindur fram. Þungamiðja samstarfsins á undirbúningstímanum verður sameiginlegur starfshópur aðila sem komið verður á fót, en honum er ætlað að vinna náið með sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga og halda þeim vandlega upplýstum. Liður í því er m.a. að tryggja að allar upplýsingar og gögn varðandi verkefnið liggi fyrir og séu aðgengilegar í tölvuskram, enda má leiða líkum að því að verði verkefnið að veruleika muni það hafa mikil áhrif á þróun samfélaganna á svæðinu. Það er afar mikilvægt fyrir sveitarfélögin að tryggja gott samstarf og gott upplýsingaflæði svo sú þróun geti orðið til góðs.

Þar sem verkefnið í Finnafirði er af áður óþekktri stærðargráðu, borið saman við önnur verkefni sem hafa verið unnin af sveitarfélögum á svæðinu, er ráð fyrir því gert í samningsdrögum í samræmi við sveitarstjórnarlög, að borin verði undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar allar meiriháttar ákvarðanir um fjárútlát vegna verkefnisins. Því er ráð fyrir því gert að nán samvinna sé til staðar milli starfshópsins og sveitarstjórna sveitarfélaganna hvors um sig meðan á undirbúningi og framkvæmd verkefnisins stendur. Að öðru leyti er vísað til efnis samningsdraganna.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir yfir sérstakri ánægju með fyrirliggjandi samningsdrögum um samstarf Langesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps vegna undirbúnings og framkvæmdar við svokallað Finnafjarðarverkefni og felur sveitarstjóra að klára þau með undirritun sinni.

Samningsdrögin síðan samhljóða samþykkt.

### 3. XXXI. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Sveitarstjóri og oddviti munu sækja landsþingið sem haldið verður 24. mars nk. á Grand Hótel í Reykjavík.

### 4. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Mávahlíð. Gistileyfi í flokki III.

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að veita umbeðna umsögn að viðhöfðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

## 5. Beiðni um umsögn á skipulagslýsingu / verkefnislýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur skipulags- og umhverfisnefnd að afgreiða málið.

## 6. Drög að samningi um upplýsingaskjái

Sveitarstjóri kynnti málið nánar. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með málið og síðan samhljóða samþykkt að vísa drögunum til umsagnar í atvinnu- og ferðamálanefnd og hjá Ferðamálasamtökum Vopnafjarðar.

## 7. Drög að samningi um rekstur tjaldsvæðis

Fram fór umræða um málið þar sem nefndarmenn lýstu skoðunum sínum. Sigríður Bragadóttir lagði fram eftirfarandi breytingartillögu við 5. tl.:

*„Leigutaki greiði leigu til 3ja mánaða að sumri að upphæð 20 þúsund krónur á mánuði og sé óháð frekari uppbyggingu sem leigutaki tekur að sér s.s. kveður á um í samningi þessum“. Tillagan síðan borin upp og hún samþykkt með 4 atkvæðum Sigríðar Bragadóttur, Sigurjóns Hauks, Stefáns Gríms og Hinriks Ingólfssonar. Á móti greiddi atkvæði Bárður, hjá sátu Eyjólfur og Sigríður Elva. Samningurinn síðan borinn upp með áorðnum breytingum og hann samþykktur með 5 atkvæðum, Bárður og Sigríður Elva sátu hjá.*

## 2. Fundargerðir:

### 1. Starfshóps um Finnfjarðarverkefnið dags. 17. febrúar 2017

*„Varaoddviti fór yfir fund sem hann ásamt sveitarstjóra Langanesbyggðar áttu með forsvarsmönnum bremenports og fulltrúa EFLU í Þýskalandi þann 10 febrúar síðastliðinn. Varaoddviti upplýsti um, líkt og áður hefur komið fram í fréttum og á fundum sveitarstjórnar, að aukinn þrýstingur er kominn á það að formgera samstarf aðila, hefur til að mynda verið lögð fram af hálfu aðila tímasett aðgerðaráætlun. Hluti af henni er stofnun þeirra hlutafélaga sem stefnt hefur verið að að koma á laggirnar eins og kveðið er á um í viljayfirlýsingu og samningi aðila. Þar er einkum átt við stofnun þróunarfélags Finnfjarðar (FFPD) og stofnunar fyrirtækis sveitarfélaganna (FFPA).*

*Sveitarstjóri lagði fram drög að viljayfirlýsingu milli sveitarfélaganna og landeigenda, en yfirlýsingin er gerð í samræmi við viljayfirlýsingu aðila Finnfjarðarverkefnisins frá því í maí 2016. Drögin voru send kjörnum fulltrúum beggja sveitarféлага með tölvupósti þann 15. febrúar síðastliðinn til kynningar og athugasemda“.*

### 2. 152. fundur Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 19:00.

[Eylgigögn fundar 020317 - 2.pdf](#)